

Jökulsá

í

Borgarfirði eystra.

Reykjavík, 12. nóv. 1954  
S.Rist//gs

Jökulsá

í

Borgarfirði eystra.

Virkjunarskilýrði athuguð 21. ág. 1954.

Vatnasvið Jökulsár í Borgarfirði eystra er  $12 \text{ km}^2$ , þar sem hún sameinast Fjarðará, en í 250 m hæð y.s. (þar sem helst eru tük á að ná henni upp til virkjunar) er vatnasviðið  $10 \text{ km}^2$ .

Jökulsá sýndi strax að hún ber nafn með réttu. Hún var dökk af jökulleir. Við retur Dyrfjalla liggja smá-jökulfannir, sem mjakast undan hallanum og sverfa undirstöðuna. En ólíkt er Jökulsá í Borgarfirði eystra vatnsminni en flestar nöfnur hennar, enda taka þar sumar hverjar á móti vatni af allt að 700 sinnum stærra landsvæði. Í næsta nágrenni er þó einnig smáá, sem ber nafnið Jökulsá, norðan Dyrfjalla.

Hinn 21. ág. var rennslið  $1,2 \text{ m}^3/\text{s}$ . Þótt rennslið væri aðeins rúskur teningsmetri, sýndi áin það enn á ný, að hún heitir ekki Jökulsá að ástöðulausu. Þetta er mjög mikið rennsli af ekki stærra landsvæði, þ.e.a.s.  $120 \text{ l/s}$  pr  $\text{km}^2$ , á sama tíma var rennsli draganna í nágrenninu ekki nema  $18 \text{ l/s}$  pr  $\text{km}^2$ .

Vetrarmælingar eru engar til af Jökulsá, en telja má líklegt að það sé í langvarandi frestum aðeins  $1/10$  hluti af því sem það var hinn 21. ág. s.l.

Dyrfjöllin eru fræg fyrir urðarhauga, sem liggja umhverfis þau. Stórfenglegust er urðin vestan Dyra, hin svo nefnda Stóruurð. Landslagið er vart eins stórbrotið austan fjalla, en þar hefur Jökulsá nagað og sorfið djúpt gil í gegnum urðarfaldinn. Í botni gilsins er stórgrýtisurð og björg, en hvergi sér á fasta klöpp. Þessi lýsing ein geti nægt til að sýna að virkjunarabstada er slæm við Jökulsá, en ég vil þó rekja þetta nokkru nánar.

Dýpst er gilið í fjallshlíðinni frá 250 m y.s. og niður í 100 m. Nálegt 250 m hæð sameinast tver kvíslar, sem mynda Jökulsá. Hver kvísl um sig hefur ekki megnað að grafa eins djúpt gil og þær sameinast, en í fléandi giljum sameinast kvíslarnar aðalgilinu. Hvergi er hægt að virkja Jökulsá að nokkru ráði, nema að byggja stíflurnar í hvora kvíslina fyrir sig. Hver stífla yrði mikið mannvirki, einkum þó sú syðri. Á milli kvíslanna er 50-70 m þar sem helst eru tük á að koma fyrir stíflum við þær. Frá nyrðri stíflunni yrði svo að koma önnur lárétt pípa, 270 m að lengd, vestan í Jökulsárups. En þar fyrir neðan hefst fallið:

Á fyrstu 120 m er fallið um 30 m

" næstu 200 " " " " 20 m

" " 600 " " " " 75 m

þ.e.a.s. nálega 125 m fall fest á 1200-1300 m vegalengd.

Tel óþarft að rekja þessa sögu nánar.

Aðrar ár í Borgarfirði eystra koma eigi frekar til greina til virkjunar fyrir Bakagerði.

Reykjavík, 12. nóv. 1954.

Sigurður Þið